# DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐA SUNNAN GLERÁR

## BREYTING: Athafnasvæði í fiskihöfninni




Gildandi skipulag m.s.br.

0 20 40 60 80 100m




Breytt skipulag — Breytingar — Mkv.: 1:2.000




Gildandi aðalskipulag, mkv. 1:10.000

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár verði breytt á eftirfarandi hátt.

Svæði 19.21sem er svæði fyrir flutningastarfsemi eða aðra hafnsækna starfsemi verður geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar.

Tilgangur breytingarinnar er að auka sveigjanleika í starfsemi hafnarinnar þannig að unnt verði að ráðstafa og nýta athafnasvæði í samræmi við þarfir og umsvif á hverjum tíma. Mögulegt verður að úthluta svæðum tímabundið eða tengja úthlutun starfsemi á svæðinu. Með breytingunni fellur út byggingarlóð á svæði 19.21.

Breytingin er innan marka hafnarsvæðis 2.11.19 H í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 og krefst ekki breytingar á því.

### 1. Breyting á skipulagsuppdrætti

Svæði 19.21 verður skilgreint sem geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar -V. Byggingarreitur fellur út og nýtingarhlutfall verður 0,0.

### 2. Breytingar á greinargerð

Ekki er gerð breyting á almennum texta greinargerðar. Svæði 19.21 færist úr kafla **3.7 Lóðir á hafnarsvæðum** yfir í kafla **3.6 Geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar**. Breytingin kemur fram í yfirlitstöflum í þessum köflum.

GILDANDI SKIPULAG

**Kafli 3.7 – Lóðir á hafnarsvæðum**

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| **19.21** | 0,77 | V/H Ein lóð, óbyggð | Lóð fyrir flutningastarfsemi eða aðra hafnsækna starfsemi sbr. 3.6.4. |

*Línan fellur út*

BREYTT SKIPULAG:

**Kafli 3.7 – Geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar**

Ný lína:

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| **19.21** | 0,77 | V Athafnasvæði | Óbyggt svæði. Athafnasvæðum úthlutað tímabundið eða tengt starfsemi. Svæðið skal afgirt og umgjörð þess höfð snyrtileg. |

Skipulagsákvæði fyrir svæði 19.20 (núv. ákvæði: Óbyggt svæði), sem er sunnan hins breytta svæðis, eru uppfærð til samræmis við svæði 19.21 þar sem svæðin nýtast saman.

### 3. Áhrifamat, umhverfismat

Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrufar né menningarminjar. Breytingin á ekki við meginatriði deiliskipulagsins og er í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Breytingin mun auka sveigjanleika hafnarinnar til þess að koma til móts við þarfir rekstaraðila á hafnarsvæðinu á hverjum tíma. Byggingarkostum fyrir vöruskemmur er fækkað. Starfsemi á svæðinu getur haft einhver áhrif á nærliggjandi svæði og íbúðarbyggð við Grenivelli.

Breytingin felur ekki í sér nýjar heimildir til framkvæmda á svæðinu og er ekki háð ákvæðum laga um mat umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá____________ til ____________ var samþykkt í skipulagsnefnd þann _____________ og í bæjarstjórn Akureyrarbæjar þann _______________

_______________________________

bæjarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _______________

**Skýringar:**

- Skipulagsmörk
- 19.3 Svæðamörk, lóðamörk, svæðanúmer
- Lóðamörk innan svæða
- Lóðamörk sem falla úr gildi
- Byggingarreitur
- Hafnarbakkar, umferðarsvæði, þjónustusvæði
- V Geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar
- V/M/S... Lóðir, hafnsækin starfsemi
- Z Veitumannvirki, svæði og/eða byggingarreitur
- G Gatnakerfi
- O Opið svæði
- Gróðurbelti
- Landfylling
- Gangstígur
- Inn- útakstur
- Kvöð um umferðarrétt
- Kvöð um lagnir í jörð
- Núverandi byggingar
- 1 Númer lóða
- Hús sem heimilt er að fjarlægja

| H \| 4,5 | Starfsemi \| Mesta vegghæð langhliða |
|---|---|
| 15° \| 0,3 | Hámarksþakhalli \| Nýtingarhlutfall |

Lóðir:

- B Hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði
- V Vöruhöfn, vörugeymslur og flutningastarfsemi
- M Matvælaiðnaður
- S Skipasmíðar og tengd starfsemi
- H Önnur hafnsækin starfsemi
- I Iðnaður
- Þ Hafnarþjónusta
- Z Veitumannvirki
- O Útivistarsvæði, óbyggð svæði

DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐA SUNNAN GLERÁR BREYTING Athafnasvæði í fiskihöfninni

Dags. 25.11.2016


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508 NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740 VEFFANG: www.teikna.is